

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Róbertsson skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 25. júlí 2019
Tilvísun: 201905016 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi dags. 26. júní 2019, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 13. júní 2019.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti dags. 31. maí 2019 í mkv. 1:75.000 og í greinargerð í kortblaðsstærð A1, með sömu dagsetningu.

Tillagan tekur til Breiðamerkursands milli Fellsár í austri og Fjallsár í vestri. Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs eru leiðrétt. Afþreyingar- og ferðamannasvæðið AF16 austan Jökulsár stækkar úr 25 í 45 ha og skilmálum þess er breytt. Breytt er legu Hringvegar 1 og legur 132 kV háspennulínu við Jökulsá. Jafnframt hefur jökulrönd Breiðamerkurjökuls verið uppfærð til samræmis við núverandi útmörk/stöðu jökulsins.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna og umhverfismat hennar:

Áréttað er að að í tillögunni þarf að vera skýrt hversu miklum fjölda ferðamanna gert er ráð fyrir að sinna á svæðinu. Á þeim grunni þarf að setja fram nánari stefnu um umfang, eðli og yfirbragð uppbyggingar til nánari útfærslu í deiliskipulagi svæðis AF16. Í þessu sambandi er bent á bókun bæjarstjórnar 13. júní sl.: „Einnig munu verða breytingar á skilmálum vegna framkvæmda innan stækkaðs svæðis í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.“ Í tillögunni þarf að koma fram hvaða skilmálum er verið að breyta og hvernig.

Stofnunin ítrekar að gera þarf grein fyrir hvernig markmið landsskipulagsstefnu eru útfærð í breytingartillögunni.

Í umfjöllun um fyrirkomulag veitukerfa kemur fram að framkvæmdir eru fyrirhugaðar á bílastæðinu vestan Jökulsár. Það svæði er utan afmarkaðs afþreyingar- og ferðamannasvæðisins AF16 og því þarf að skoða hvort stækka eigi AF16 svo það nái yfir framkvæmdasvæðið eða skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði vestan árinna og setja um það sérstök ákvæði.

Breytingaruppdráttur fyrir Öræfi – Suðursveit er settur fram í mkv. 1:75.000. Stofnunin bendir á að breytingartillögur skal setja fram í sama mælikvarða og gildandi aðalskipulag, sem er 1:50.000.

Bent er á að á breytingaruppdrættinum vantar auðkennislit á svæði AF18 við Fjallsárlón.

Minnt er á að heiti aðalskipulagsbreytingar þarf að koma fram á öllum skipulagsgögnum, bæði greinargerð og uppdráttum. Vísa þarf á milli skipulagsgagna og setja inn breytingardagsetningar þegar gerðar eru breytingar á gögnum.

Að mati Skipulagsstofnunar væri aðgengilegra að umgangast skipulagsgreinargerðina sem hefti í blaðstærð A4 í stað texta á kortblaðsstærð A1.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra athugasemda og ábendinga. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingartíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggi frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.

Umsagnir fylgdu ekki með tillögunni og er því minnt á að umsagnir og athugasemdir ásamt umsögn bæjarstjórnar um hvernig við þeim var brugðist þurfa að fylgja aðalskipulagsbreytingunni þegar hún kemur til endanlegrar afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir